

Fundur Odvitanefndar UTU haldinn á skrifstofu UTU, Laugarvatni miðvikudaginn 27 febrúar 2019, kl. 08:30.

Mætt voru, Björgvin Skafti Bjarnason Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Guðmundur Gíslason.

Fundinn sátu einnig Jón G. Valgeirsson og Hannibal Kjartansson.

Skafti stjórnaði fundi og Jón ritaði fundargerð.

Dagskrá

### 1. Tilboð í aðstöðuhús á Seyrustöðum að Flátholti 2, Flúðum.

Jón og Hannibal fóru yfir niðurstöðu útboðs á 880m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi við Seyrustaði á Flúðum en verkið fólst að útvega hús og uppsetning á því. Tilboð voru opnuð þann 21. febrúar s.l. og bárust fjögur tilboð í verkið.

Landstólpi	60.904.739,-	95,5 %
Byko	46.197.010,-	72,4 %
Jötunn Byggingar	75.274.961,-	118,0 %
Hús og stigar (Límtré)	69.200.000,-	108,5%
Kostnaðaráætlun hönnuða var 63.800.000,-		

Byko var lægstbjóðandi við opnun en við tilboð þeirra voru gerðir nokkrir fyrirvarar sem ógilda tilboðið þar sem það var ekki í samræmi við útboðsgögn. Helsta fráviknið var að uppsetning húss, klæðning, frágangur, ísetning hurða og loftræsirista var ekki innifalin. Flutningur á byggingarstað var ekki innifalinn og tilboðið var háð fyrirvörum vegna gengisbreytinga og stálverðs. Rætt var við forsvarsmann tilboðsins sem staðfesti að Byko myndi ekki geta staðið við tilboðsverð og skil á verki samkvæmt útboðsgögnum.

Landstólpi á því lægsta gilda tilboðið kr. 60.904.739 en ekki voru gerðir neindir fyrirvarar við tillboðið.

Samþykkt var að ganga að tilboði Landstólpa með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna sveitarfélagana. Verkið mun verða unnið í nafni Hrunamannahrepps en að því loknu um verða gerð eigandayfirlýsing þar sem húsið verður skráð í eignarhlutföllum sveitarfélagana sex í samræmi við framlag hvers fyrir sig við verkefnið. Jafnframt var samþykkt að ganga til samninga við Landstólpa um vinnu við gerð grunns undir húsið og byggingarstjórn á húsinu.

### 2. Gjaldskrá Seyrustaða 2019.

Jón og Hannibal fóru fyrir tillögu að gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2019. Gjaldskráin er samþykkt eins og hún liggur fyrir og vísað til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórna.

### 3. Annað og næstu skref.

Farið var yfir samningamál vegna tæmingar á rotþróum á erfiðum svæðum o.fl. með minni hreinsibifreið. Samþykkt var að fela Hannibal og Jóni að ganga til samninga Hreinsitækni um hreinsun á 600-800 rotþróum á árinu 2019.

Þá var einnig rætt um beiðnir fyrirtækja um hreinsun rotþróa í tengslum við hreinsanir á öðrum rotþróum en það mál er í skoðun, m.a. út frá verkefnastöðu og greiðslu kostnaðar við slík verk.

Þá var rætt um hvort skoða þyrfti breytingar á fyrirkomulagi á skiptingu kostnaðar við rekstur Seyrustaða og hreinsibifreiðar en árlega fellur til fastur kostnaður þó þjónustan sé ekki nýtt. Jóni falið að skoða málið.

Fundi slitið kl. 9:30.